

**Nr. 008 / 09 Brynjólfur VE 3*****Skipverji slasast á leið til skips***

Skipaskr.nr. 1752  
Smíðaður: Akranesi 1987 stál  
Stærð: 299 brl. 531,5 bt.  
Mesta lengd: 41,98 m Skráð lengd: 39,8 m  
Breidd: 8,1 m Dýpt: 6,25 m  
Vél: Berger Diesel 728 kW, 1987  
Fjöldi skipverja:



Brynjólfur ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 8. júní 2009 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 29. nóvember, um kl. 10:00, 2008 lá Brynjólfur VE 3 við landfestar í Hafnarfjarðarhöfn. Veður: Hægviðri og þurr.

Skipverji sem var á leiðinni til skips um kl. 01:00 kom að hafnarsvæðinu lokuðu fyrir allri umferð en símanúmer var gefið upp hjá vakthafandi hafnarverði í glugga hafnarskrifstofu. Eftir að hafa haft samband við hafnarvörðinn fór hann yfir girðinguna og við það þrífrotnaði hann á vinstri ökkla.

**Við rannsókn kom fram:**

- að lokun hafnarinnar fellur undir 11. gr. í reglugerð um framkvæmd siglingaverndar nr. 265/2008 staflíð c) þar sem segir: 1) „*Tilgangur afmörkunnar: Að hindra óviðkomandi aðgang að hafnaraðstöðu eða haftasvæði.*“ Í staflíð 2) kemur berlega í fram að girðingin á að hindra með öllum ráðum aðgang að hinu afgirta svæði. Við hliðin og víða á girðingunni eru aðvörunarskilti sem banna alla umferð nema þeirra sem hafnaryfirvöld heimila aðgang;
- að slasaði hafði verið í leyfi og átti að byrja vinnu snemma um morguninn. Hann ætlaði að sofa um borð um nóttina en hafði ekki aðgangslykil að hliðinu eins og skipverjum ber að hafa;
- að slasaða og hafnarstarfsmanninum greinir á um efni símtalsins;
- að fram kom hjá hafnarstarfsmönnum að talsverð vandræði væru með umgengni íslenskra sjómanna um lokuð hlið hafnarinnar. Ítrekað hefði

komið upp að þeir kynnu ekki að nota lykilkortin þó þeim hafi verið kynnt það sérstaklega. Dæmi voru um að hafnarstarfsmenn hafi komið að sjómönnum að klifra yfir girðinguna á vinnutíma með lykilkort í vasanum;

- að sögn skipstjóra voru engin lykilkort afhent skipverjum við komu skipsins til hafnarinnar. Hafnarstarfsmenn sögðu að fjöldi lykilkorta færi eftir óskum skipstjóra.

### *Nefndarálit:*

Nefndin ályktar ekki í málinu.